

Nr. 18-166 S 112 Skúli ST 75***Skipverji slasast fall***

Skipaskr.nr.: 2754
Smíðaður: Hafnarfirði 2007 plast
Útgerð: Útgerðarfélagið Skúli ehf
Stærð: 11,15 brl. 14,91 bt.
Mesta lengd: 12,35 m *Skráð lengd*: 11,37 m
Breidd: 3,72 m *Dýpt*: 1,4 m
Vél: Yanmar 368 kW, 2007
Fjöldi skipverja: 3



Skúli©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 8. apríl 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 20. ágúst 2018 var Skúli ST 75 á makrílveiðum á Steingrímsfirði á Ströndum. Veður: 4 m/sek., ládautt og rigning.

Skipverjinn var búinn að vera að greiða flækju á veiðarfærunum þegar hann steig niður af fiskikari og niður á belg sem var á þilfarinu og rann af honum. Við það féll hann í þilfarið og missteig sig illa, tagnaði á ökkla og það flísaðist úr beini.

Við rannsókn kom fram:

- að báturinn var með fimm makríl slítara alla staðsetta aftur á og þilfarið var allt löðrandi í slori frá þeim þrátt fyrir að skipverjar væru að spúla þilfarið reglulega;
- að skipverjinn var í settur í gifs og var frá vinnu í mánuð.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.

Nefndin vekur athygli sjómanna á því að gæta sérstakrar varúðar við makrílveiðar sökum mikils slors sem myndast við þær.